

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 878/2004 um bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar tilteknar aukaafurðir úr dýrum sem eru skilgreindar sem efni í 1. og 2. flokki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, auk áorðinna breytinga.

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 878/2004 um bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar tilteknar aukaafurðir úr dýrum sem eru skilgreindar sem efni í 1. og 2. flokki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1877/2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 878/2004 um bráðabirgðaráðstafanir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar tilteknar aukaafurðir úr dýrum sem flokkast sem efni í 1. og 2. flokki og ætlaðar eru til tæknilegra nota.

2. gr.

Fylgiskjöl.

Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er birtar sem fylgiskjöl I og II við reglugerð þessa.

3. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur ekki til aukaafurða dýra er teljast til úrgangs enda gilda þá lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð þessi tekur ekki til sjávarspendýra.

4. gr.

Samþykki opinbers eftirlitsaðila.

Þegar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. kveða á um tiltekið „samþykki“ opinbers eftirlitsaðila fullnægja slíkir aðilar lagaskyldu sinni með útgáfu starfsleyfis skv. 13. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

5. gr.

Eftirlit.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerða skv. 1. gr. vegna aukaafurða úr dýrum sé framfylgt í samræmi við lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 22/1994 um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru og lög nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

6. gr.

Fiskimjöl og lýsi.

Verksmiðju, vinnslusvæði, búnað og áhöld sem notuð eru til framleiðslu fiskimjöls og lýsis, má ekki nota til framleiðslu úr öðru hráefni en sjávarafurðum.

7. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir eða lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

8. gr.

Lagastoð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og 17. gr. a laga nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 2010. Þó taka efnisákvæði reglugerða framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er varða aukaafurðir úr landdýrum ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. febrúar 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal I.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 878/2004**

frá 29. apríl 2004

um bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar tiltekna aukaafurðir úr dýrum sem eru skilgreindar sem efni í 1. og 2. flokki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis⁽¹⁾, einkum 4. gr. (4. mgr.), 5. gr. (4. mgr.), 16. gr. (3. mgr.) og 32. gr. (1. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrömunar⁽²⁾ má ekki flytja inn til Bandalagsins sérstakt áhættuefni sem ætlað er í matvæli, fóður eða áburð.
- 2) Þó er heimilt að flytja efni úr 1. flokki, sem kunna að innihalda sérstakt áhættuefni, til eða frá Bandalaginu í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 eða sem verða fastsettar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 33. gr. reglugerðarinnar.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 812/2003 frá 12. maí 2003 um bráðabirgðaráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar innflutning og umflutning tiltekinnar afurða frá þriðju löndum⁽³⁾ er kveðið á um tímabundna undanþágu, til 30. apríl 2004, frá banni við innflutningi á tilteknum aukaafurðum úr dýrum frá þriðju löndum eins og fram kemur í reglugerð (EB) nr. 1774/2002.
- 4) Tilteknir rekstrar- og viðskiptaaðilar hafa látið í ljós áhyggjur vegna banns við aukaafurðum úr dýrum, sem ætlaðar eru til tæknilegra nota, utan fóður- eða matvælaferlisins.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur beðið um vísindalega ráðgjöf um magnbundið mat á því hvort enn sé hætt á kúariðu (BSE) í nokkrum afurðum úr nautakjöti, s.s. gelatíni og tólg, sem vænta má að liggi fyrir á næstunni. Einnig er ætlunin að leita frekari sérstakrar ráðgjafar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls.1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 808/2003 (Stjtið. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð 2245/2003 (Stjtið. ESB L 333, 20.12.2003, bls. 28).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 19. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2268/2003 (Stjtið. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 24).

- 6) Þar til ráðgjöf hefur verið veitt er rétt að gera bráðabirgðaráðstafanir svo hægt sé að halda áfram setningu á markað, útflutningi, innflutningi og umflutningi tiltekinnar afurða, sem flokkast sem efni í 1. og 2. flokki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 og eru eingöngu ætlaðar til tæknilegra nota.
- 7) Til samræmis við það ber að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir til að heimila tæknileg not á tilteknu, vandlega skilgreindu efni í 1. og 2. flokki. Sérstök notkun á slíku efni, sem er ætlað til notkunar í tæknilegum tilgangi, skal falla undir strangar ráðstafanir varðandi framsendingu og eftirlit til að draga enn frekar úr hættunni á að því sé beint í matvælaferlið og fóðurferlið og óráðgerðri notkun í öðrum tæknilegum vörum, s.s. í áburð og jarðvegsbæti, snyrtivörur, lyf eða lækningabúnað.
- 8) Ef ekki verður komist hjá því að nota aukaafurðir úr dýrum í 1. og 2. flokki til að framleiða lyf er lögbæru yfirvaldi heimilt, á grundvelli viðeigandi áhættumats á hverju tilviki fyrir sig, í samræmi við viðeigandi löggjöf Bandalagsins, að vikja frá ákvæðum reglugerðarinnar.
- 9) Að því er varðar setningu á markað og útflutning aukaafurða úr dýrum, sem eru ætlaðar til tæknilegra nota og eru framleiddar í Bandalaginu, ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, að öllu jöfnu að duga, með fyrirvara um að settar verði viðbótarreglur um söfnun og flutning til að tryggja að ströngum ráðstöfunum varðandi framsendingu og sanngreiningu og eftirlitsmarkmiðum verði framfylgt. Að því er varðar sendingar til innflutnings og umflutnings skal innleiða viðbótarkröfur varðandi vottun og framsendingu.
- 10) Aðildarríkin skulu koma á viðbótareftirlitsráðstöfunum, sem eru nauðsynlegar við framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum til að draga úr hættu á að afurðunum sé beint annað, og þau skulu starfa saman í því skyni. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum þar um og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á grundvelli viðeigandi löggjafar Bandalagsins ef ákvæði eru ekki virt.

11) Til að komast hjá röskun viðskipta er viðeigandi að leyfa áfram, innan sanngjarnra tímamarka, innfluttar aukaafurðir úr dýrum sem koma á skoðunarstöðvar á landamærum eftir 1. maí 2004 og enn kunna að fylgja heilbrigðisvottorð með eldra sniði.

3. gr.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

Undanþága vegna innflutnings og umflutnings aukaafurða úr dýrum

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 mega aðildarríkin heimila innflutning og umflutning aukaafurða úr dýrum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um eftirfarandi aukaafurðir úr dýrum sem flokkast sem efni í 1. eða 2. flokki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002 og eru eingöngu ætlaðar til tæknilegra nota:

- húðir og skinn af dýrum sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum efnum sem eru bönnuð samkvæmt tilskipun 96/22/EB⁽¹⁾,
- brædda fitu sem er fengin úr efni í 1. flokki og framleidd með aðferð 1, eins og um getur í III. kafla V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002, og, ef um er að ræða brædda fitu úr jörturdýrum, hefur verið hreinsuð þannig að heildarmagn óleysanlegra óhreininda sé ekki meira en 0,15% miðað við þyngd og fituafleiður uppfylla a.m.k. þá staðla sem um getur í III. kafla VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002,
- jörturdýragarnir (með eða án innihalds) og
- bein og beinaafurðir sem innihalda hryggjarsúlu og hauskúpu og horn nautgripa sem hafa verið fjarlægð af hauskúpunni með aðferð þannig að kúpuholið er óskaddað.

Þessar aukaafurðir úr dýrum skulu þó ekki vera úr dýrum sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

2. gr.

Undanþága vegna setningar aukaafurða úr dýrum á markað og útflutnings þeirra

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 mega aðildarríkin heimila að aukaafurðir úr dýrum, sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar („aukaafurðir úr dýrum“) séu settar á markað og fluttar út.

Undanþágan, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, gildir þó ekki um útflutning aukaafurða úr dýrum sem um getur í c- og d-lið 1. gr. þessarar reglugerðar.

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/74/EB (Stjótd. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 17).

Einnig skal setja merkimiða, sem er sambærilegur þeim sem um getur í a-lið 5. gr. þessarar reglugerðar, á innfluttar aukaafurðir úr dýrum.

4. gr.

Skilyrði varðandi setningu aukaafurða úr dýrum á markað, útflutning þeirra og innflutning

1. Setning aukaafurða úr dýrum á markað eða útflutningur þeirra skal fara þannig fram að ekki skapist hætta með tilliti til heilbrigðis dýra og lýðheilsu og umhverfis.

2. Innflutningur á aukaafurðum úr dýrum skal falla undir kröfur um heilbrigðisvottorð í samræmi við löggjöf viðkomandi aðildarríkis.

Innfluttar sendingar og sendingar í umflutningi skulu sendar áfram í samræmi við þær aðferðir við vöktun sem kveðið er á um í 4. mgr 8. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB.

5. gr.

Söfnun og flutningur aukaafurða úr dýrum

Söfnun og flutningur aukaafurða úr dýrum verður að uppfylla eftirfarandi viðbótarkröfur:

- Til viðbótar við þær kröfur um auðkenningu, sem kveðið er á um í I. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002, skulu allir pakkar vera með merkimiða sem á stendur „BANNAÐ AÐ NOTA Í MATVÆLI, FÓÐUR, ÁBURÐ, SNYRTIVÖRUR, LYF OG LÆKNINGA-BÚNAÐ“.

Þó er heimilt að nota annan merkimiða ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota í lyf í samræmi við löggjöf Bandalagsins. Á öllum slíkum merkimiðum skal koma skýrt fram að aukaafurðirnar úr dýrum eru „EINGÖNGU ÆTLAÐAR TIL NOTKUNAR Í LYF“.

- Aukaafurðirnar skulu sendar á sérhæfða, tæknilega stöð, sem er samþykkt í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, og fá meðhöndlun sem fullnægir kröfum lögbærs yfirvalds þannig að endanlega varan skapi ekki hættu með tilliti til heilbrigðis dýra og lýðheilsu.

- c) Tæknilega stöðin, sem um getur í b-lið, skal halda skrár í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 og skal eingöngu nota aukaafurðir úr dýrum til tæknilegra nota sem lögbært yfirvald heimilar.

6. gr.

Eftirlit

1. Að því er varðar sendingar í innflutningi eða umflutningi skal lögbært yfirvald sjá um sannpröfun skjala með reglulegu millibili og a.m.k. tvisvar á ári í framsendingarkeðjunni frá skoðunarstöð á landamærum á fyrsta innflutningsstað til samþykktu tæknilegu stöðvarinnar ef um er að ræða innflutning, og til skoðunarstöðvar á landamærum á brottfararstað ef um er að ræða umflutning, í því skyni að stemma af það magn af aukaafurðum úr dýrum sem er flutt inn, notað og fargað og tryggja að farið sé að þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

Að því er varðar sendingar í umflutningi skulu lögbær yfirvöld, sem annast rekstur skoðunarstöðvar á landamærum þar sem varan kemur fyrst inn í Bandalagið og þar sem varan fer frá Bandalaginu, starfa saman eins og nauðsyn krefur til að tryggja skilvirkan rekjanleika og eftirlit. Lögbær yfirvöld skulu einnig starfa saman að eftirliti til að tryggja afstemmingu á því magni sem er flutt inn í eitt aðildarríki og notað í öðru aðildarríki, á því magni sem er flutt út frá einu aðildarríki en framleitt í öðru aðildarríki og á því magni sem fer inn og út í umflutningi.

2. Að því er varðar sendingar sem á að setja á markað í Bandalaginu eða flytja á út skulu lögbær yfirvöld sjá um eftirlitið, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, einkum í 7. og 8. gr., með það sama að markmiði, að kanna afstemmingu á magni og fylgni við reglur.

7. gr.

Upplýsingar sem aðildarríkjum ber að veita

Aðildarríkin skulu tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum, innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, um:

- hvernig undanþágan, sem kveðið er á um í 2. og 3. gr., er nýtt og
- þær eftirlitsráðstafanir, sem kveðið er á um í 6. gr., til að tryggja að viðkomandi aukaafurðir úr dýrum séu eingöngu notaðar í þeim tilgangi sem er leyfilegur í samræmi við c-lið 5. gr.

8. gr.

Ráðstafanir sem gera skal ef ekki er farið að ákvæðum þessarar reglugerðar

Ef ekki er farið að ákvæðum þessarar reglugerðar skal lögbært yfirvald þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana.

9. gr.

Gildistaka og beiting

- Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. maí 2004.
- Þau vottorð sem eru sett fram með sniði samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 812/2003 má þó nota til 15. júní 2004.
- Aðildarríkin skulu, til 15. ágúst 2005, leyfa innflutning á sendingum sem fóru frá þriðja landi fyrir 15. júní 2004 sem enn kunna að fylgja vottorðin, sem um getur í 3. lið hér að framan.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal II.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1877/2006**

frá 18. desember 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 878/2004 um bráðabirgðaráðstafanir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar tiltekna aukaafurðir úr dýrum sem flokkast sem efni í 1. og 2. flokki og ætlaðar eru til tæknilegra nota

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

markað, útflutning, innflutning og umflutning á tilteknum aukaafurðum úr dýrum sem eru skilgreindar sem efni í 1. og 2. flokki og eru eingöngu ætlaðar til tæknilegra nota.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis⁽¹⁾, einkum 4. gr. (4. mgr.), 5. gr. (4. mgr.) og 32. gr. (1. mgr.),

- 5) Í skýrslu sem framkvæmdastjórnin samþykkti um aukaafurðir úr dýrum⁽²⁾ 21. október 2005 og lagði fyrir ráðið 24. október 2004 er dregin upp mynd af erfiðleikum, að því er varðar skilgreiningu á tilteknu efni sem efni úr 2. flokki, og fyrirhugaðar nokkrar breytingar á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 við endurskoðun á þeirri löggjöf sem á að hefjast við lok árs 2006.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Í þeirri reglugerð eru aukaafurðir úr dýrum skilgreindar sem efni í 1., 2. eða 3. flokki, allt eftir því hvaða áhætta fylgir slíkum afurðum.

- 6) Meðan þessara breytinga er beðið ætti að vera mögulegt að nota tiltekna aukaafurðir úr dýrum, sem bera með sér litla áhættu og eru nú skilgreindar sem efni í 2. flokki, í tiltekni dýrafóður og í tæknilegum tilgangi. Í samræmi við það ber að rýmka gildissvið reglugerðar (EB) nr. 878/2004 til að heimila notkun á tilteknu efni í 2. flokki, sem ber með sér litla áhættu, til framleiðslu tæknilegra afurða og í tiltekni dýrafóður.

- 2) Í samræmi við þá reglugerð eru aukaafurðir úr dýrum, aðrar en efni í 1. eða 3. flokki, skilgreindar sem efni í 2. flokki, án þess að frekara tillit sé tekið til þess hvaða áhætta getur fylgt slíkum afurðum. Leyfð notkun aukaafurða úr dýrum í dýrafóður ræðst af því hvort slíkt efni er skilgreint sem efni í 1., 2. eða 3. flokki. Þó að heimilt sé að nota tiltekið efni úr 3. flokki í dýrafóður er yfirleitt ekki heimilt að nota efni úr 2. flokki í þeim tilgangi.

- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 878/2004 til samræms við það.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

- 3) Tiltekna aukaafurðir úr dýrum, sem taldar eru hafa litla hættu í för með sér, falla þó ekki undir skilgreiningu á efni í 3. flokki í reglugerð (EB) nr. 1774/2002. Við sjálfgefna skilgreiningu slíks efnis sem efni í 2. flokki er ekki tekið tillit til þeirrar áhættu sem getur fylgt slíkum afurðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 878/2004 er breytt sem hér segir:

- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 878/2004 frá 29. apríl 2004 um bráðabirgðaráðstafanir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar tiltekna aukaafurðir úr dýrum sem flokkast sem efni í 1. og 2. flokki og ætlaðar eru til tæknilegra nota⁽²⁾ var samþykkt til þess að heimila áframhaldandi setningu á

1. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 878/2004 frá 29. apríl 2004 um bráðabirgðaráðstafanir að því er varðar tiltekna aukaafurðir úr dýrum sem eru skilgreindar sem efni í 1. og 2. flokki í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002.“

⁽¹⁾ (Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 208/2006 (Stjtið. ESB L 36, 8.2.2006, bls. 25).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 62.

⁽³⁾ COM(2005) 521 lokaútgáfa.

2. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um eftirfarandi aukaafurðir úr dýrum sem eru skilgreindar sem efni í 1. eða 2. flokki í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 og eru eingöngu ætlaðar til tæknilegra nota:

a) húðir og skinn af dýrum sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum efnum sem eru bönnuð samkvæmt tilskipun ráðsins 96/22/EB (*),

b) brædda fitu sem er fengin úr efni í 1. flokki og framleidd með aðferð 1, eins og um getur í III. kafla V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002, sem, ef um er að ræða brædda fitu úr jörturdýrum, hefur verið hreinsuð þannig að heildarmagn óleysanlegra óhreininda er ekki meira en 0,15% miðað við þyngd og fituafleiður uppfylla a.m.k. þá staðla sem um getur í III. kafla VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002,

c) jörturdýragarnir (með eða án innihalds) og

d) bein og beinaafurðir sem innihalda hryggjarsúlu og hausnúpu og horn nautgripa sem hafa verið fjarlægð af hausnúpunni með aðferð þannig að kúpuholið er óskaddað.

Þessi reglugerð gildir þó ekki um aukaafurðir úr dýrum sem eru fengnar úr dýrum sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

2. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi aukaafurðir úr dýrum sem eru skilgreindar sem efni í 2. flokki í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 í samræmi við g-lið 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar og eru ætlaðar í föður fyrir dýr önnur en alidýr á landi, í föður handa aliloðdýrum eða til tæknilegra nota, þ.m.t. í beitu:

a) landhryggleysingja aðra en þær tegundir sem valda sjúkdómum í dýrum eða mönnum eða ummyndanir þeirra, s.s. lírfur,

b) lagardýr, önnur en sjávarspendýr, sem koma ekki úr lagareldi,

c) lagardýr sem eru sérstaklega alin sem beita, að því tilskildu að beitan sé ekki notuð í lagareldi án undangenginnar vinnslu,

d) dýr sem teljast til ættbálks nagdýra og nartara, þ.m.t. dýr sem eru haldin sem alidýr til að framleiða afurðir úr dýrum, og

e) afurðir sem eru fengnar eða framleiddar úr dýrunum sem um getur í a- til d-lið, s.s. hrogn, en að undanskildu mjóli sem er unnið úr dýrunum sem um getur í d-lið.

(*) Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.“

3. Eftirfarandi 1. gr. a er skotið inn:

„1. gr. a

Undanþága sem varðar viðskiptaskjal og heilbrigðisvottorð

Brátt fyrir ákvæði 1. liðar III. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 mega smásalar afgreiða þær aukaafurðir úr dýrum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, til notenda, annarra en stjórnenda fyrirtækja, án þess að þeim fylgi viðskiptaskjal í flutningi eða, þegar þess er krafist skv. reglugerð (EB) nr. 1774/2002, heilbrigðisvottorð.“

4. Í öðrum málslið 2. gr. komi tilvísun í „c- og d-lið 1. mgr. 1. gr.“ í stað tilvísunar í „c- og d-lið 1. gr.“

5. Í öðrum málslið 3. gr. komi tilvísun í „1. eða 2. mgr. 5. gr., eftir því sem við á“ í stað tilvísunar í „a-lið 5. gr.“

6. Í stað síðasta málsliðar í 2. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Að því er varðar aukaafurðir, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skulu innfluttar sendingar og sendingar í umflutningi sendar áfram í samræmi við þær verklagsreglur við eftirlit sem kveðið er á um í 4. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB (*).

(*) (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.“

7. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Kröfur um merkingar, afhendingu, skráahald og meðhöndlun

1. Til viðbótar við þær kröfur um auðkenningu, sem kveðið er á um í I. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002, skal setja merkimiða á alla pakka með aukaafurðum úr dýrum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, sem á stendur „BANNAÐ AÐ NOTA Í MATVÆLI, FÓÐUR, ÁBURÐ, SNYRTIVÖRUR, LYF OG LÆKNINGABÚNAÐ“.

Þó er heimilt að nota annan merkimiða, ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota í lyf í samræmi við löggjöf Bandalagsins, sem á stendur „EINGÖNGU ÆTLAÐ TIL NOTKUNAR Í LYF“.

2. Allir pakkar með aukaafurðum úr dýrum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., skulu vera með merkimiða sem á stendur „EKKI TIL MANNELDIS“ nema þeir séu sendir, tilbúnir til sölu, í umbúðum sem á stendur að innihaldið sé eingöngu ætlað í fóður handa gæludýrum eða sem beita.

3. Senda skal aukaafurðir úr dýrum, sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar, í sérhæfða, tæknilega stöð sem er samþykkt í samræmi við 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

Þær aukaafurðir úr dýrum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., má einnig senda:

a) til stöðvar fyrir milliefni sem er samþykkt í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002,

b) til geymslustöðvar sem er samþykkt í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002,

c) til stöðvar til framleiðslu gæludýrafóðurs sem er samþykkt í samræmi við 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002,

d) til bújarðar eða starfsstöðvar þar sem dýr eru haldin í samræmi við kröfurnar sem um getur í c-lið 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002,

e) til framleiðslustaðar eða framleiðslustöðvar, eftir því sem við á, sem framleiðir:

i. snyrtivörur í samræmi við tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (*),

ii. dýralyf í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (**),

iii. lyf í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (***),

iv. lækningatæki í samræmi við tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (****) eða

v. greiningartæki til greiningar í glasi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (*****) eða

f) beint til smásölu þegar aukaafurðirnar úr dýrum eru:

i. sendar tilbúnir til sölu í umbúðum með merkimiða sem á stendur að innihaldið sé eingöngu:

— ætlað í gæludýrafóður eða í beitu

ii. þurrkaðar með aðferð sem dugar til að eyða sjúkdómsvaldandi lífverum, þ.m.t. salmonella, eða

- iii. djúpfrystar, ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 1. gr. og d-lið ef um er að ræða nagdýr.

- c) eingöngu senda eða nota aukaafurðir úr dýrum til þeirra nota sem lögbært yfirvald hefur heimilað.

Með fyrirvara um reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 811/2003 frá 12. maí 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar bann við endurvinnslu, þegar um er að ræða eina og sömu fisktegundina, gröft og brennslu aukaafurða úr dýrum svo og tiltekna bráðabirgðaráðstafanir (*****) má einnig senda aukaafurðir úr dýrum, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, til bújarðar eða vinnslustöðvar, sem hefur lagardýr, til notkunar í fóður.

4. Eigandi stöðvar, bújarðar eða vinnslustöðvar, stjórnandi hennar eða fulltrúi þeirra, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, skal:

- a) halda skrár í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002,

- b) sjá til þess að aukaafurðir úr dýrum fái, eftir því sem við á, meðhöndlun sem uppfyllir kröfur lögbærs yfirvalds þannig að efnið, sem verður til, skapi ekki hættu fyrir heilbrigði dýra og lýðheilsu,

- (*) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2006/78 (Stjtið. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 56).
- (**) Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/28/EB (Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 58).
- (***) Stjtið. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/27/EB (Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 34).
- (****) Stjtið. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).
- (*****) Stjtið. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.
- (*****) Stjtið. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 14.“

8. Í b-lið 7. gr. komi tilvísunin „3. mgr. 5. gr.“ í stað tilvísunarinnar „c-lið 5. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.